



## Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða

Aðalfundur Upplýsingar  
4. maí 2018

Fundarstaður: Bókasafnið í Mosfellsbæ, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Fundarstjóri: Anna Kristín Kjartansdóttir.

Fundarritari: Jóna Guðmundsdóttir.

Mættir voru 11 félagar.

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar þann 24. apríl 2018 en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

### Dagskrá:

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 17:07 og tilnefndi Önnu Kristínu Kjartansdóttur sem fundarstjóra og Jónu Guðmundsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

### a) Skýrsla stjórnar

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar, formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2017-2018. Haldnir voru reglulega stjórnarfundir á starfsárinu og einnig höfðu nefndarmenn nánast dagleg samskipti rafrænt. Félagar í Upplýsingu eru 423 og þar af eru 45 stofnanir. Skráningar nýrra félaga voru 7.

Upplýsing stóð fyrir málþingi þann 24. nóvember 2017 með yfirskriftinni „Samstarf og samstaða“. Þingið var vel sótt og þótti vel heppnað. Jólagleði Upplýsingar var haldin í beinu framhaldi af málþinginu í Bókasafni Seltjarnarnes.

Morgunkorn vetrarins voru 5 og einnig var boðið til vísindaferðar í Hljóðbókasafn Íslands. Landsfundur verður haldinn í 25.-26. október í Silfurbergi í Hörpu 2018, undirbúningur gengur vel.

Félagið rekur ekki fasta skrifstofu, en er með geymslu þar sem geymd eru ýmis skjöl félagsins og annar búnaður. Stjórnarmeðlimir skiptast á um að halda stjórnarfundum á sínum vinnustað. Skýrslu stjórnar er hægt að lesa í heild í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar (upplysing.is).

Að lokum þakkaði formaður stjórninni og öðrum þeim sem unnið hafa fyrir Upplýsingu fyrir þeirra framlag og mælir með að allir prófi að taka þátt í starfi Upplýsingar.

**Skýrsla stjórnar: Samþykkt.**

### b) Skýrslur hópa og nefnda

Formaður fór yfir skýrslur fastanefnda og hægt er að lesa meira um það í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar (upplysing.is).

### **c) Reikningar félagsins**

Magný Rós Sigurðardóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Reikningar eru yfirfarnir af bókara og samþykktir af skoðunarmönnum félagsins.

Fram kom að samkvæmt ársreikningum er hagnaður á rekstri félagsins að upphæð 472.000

Nokkrir bankareikningar eru enn taldir með í uppgjöri sem á eftir að fjarlægja úr bókhaldi félagsins, stefnt að að það verði gert fyrir aðalfund 2019.

**Reikningar félagsins:** Samþykktir.

### **d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.**

Engar breytingar.

### **e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.**

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs var lögð fram til kynningar af Magný Rós Sigurðardóttur gjaldkera Upplýsingar. Árgjöld, styrkir ofl. munu verða allt að 10,5 milljónir króna. Áætlað er að styrkirnir standi straum af kostnaði við Next Library ráðstefnu sem haldin verður í Berlín í september og af fundi fulltrúa Norrænna bókavarðafélaga sem verður í Helsinki í byrjun næsta árs. Einnig verða styrkir og gjöld notaðir til að fjármagna Landsfund og Bókasafnadaginn 2018.

**Fjárhagsáætlun:** Samþykkt.

### **f) Árgjald.**

Stjórn Upplýsingar mælir með óbreyttu árgjaldi. Almennir félagar greiða 7.000 kr., stofnanir 14.000 kr. og nemendur í upplýsingafræði 3.500 kr.

### **g) Lagabreytingar.**

12 tillögur að lagabreytingum frá lagabreytingarnefnd bárust fyrir þennan aðalfund.

Sjá fylgiskjal.

Lagabreytingarnefnd: Óskar Guðjónsson, Andrea Ævarsdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir.

Lagabreytingartillaga 1: Samþykkt með fyrirvara um að stjórn skoði hvort málfarslega sé réttara að nota „the“ á undan nafni félagsins á ensku.

Lagabreytingartillaga 2 : Samþykkt.

Lagabreytingartillaga 3: Þórunn Erla Sighvats bar fram breytingartillögu um að breyta „fagtímarit“ í „útgáfurit“. Breytingartillaga var fellt. Lagabreytingartillaga samþykkt.

Lagabreytingartillaga 4: Samþykkt með þeim fyrirvara að málsgreinin „Stjórn félagsins skipar í ýmsar nefndir og ráð er starfa utan félagsins.“ verði færð neðst í textanum.

Lagabreytingartillaga 5: Samþykkt

Lagabreytingartillaga 6: Samþykkt með orðalagsbreytingu „apríl til maí“ verður „apríl eða maí“.

Lagabreytingartillaga 7: Samþykkt

Lagabreytingartillaga 8: Felld

Lagabreytingartillaga 9: Samþykkt

Lagabreytingartillaga 10: Samþykkt – Nýtt kaflaheiti verður „Lagabreytingar og félagsslit“.

Lagabreytingartillaga 11: Samþykkt - Nefndin kallast „lagabreytingar- og ályktunarnefnd“.  
Lagabreytingartillaga 12: Óskar Þór Þráinsson bar fram breytingartillögu „bréflega“ verði breytt í „skrifleg“ og „félaga“ verði breytt í „félagasamtaka“. Samþykkt með breytingartillögu.

Lagabreytingarnefnd er falið að uppfæra lög til samræmist við breytingartillögur og samþykktir.

#### **h) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.**

Í núverandi stjórn sitja Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar, Jóna Guðmundsdóttir, Magný Rós Sigurðardóttir, Alda Davíðsdóttir og Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir og Helga Halldórsdóttir sitja sem varamenn.

Allir núverandi stjórnarmenn láta af störfum.

Framboð til stjórnar 2018-2020:

*Formaður, gjaldkeri og ritari í 2 ár.*

*Varaformaður og meðstjórnandi í 1 ár.*

Jóhann Heiðar Árnason

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.

Býður sig fram til **formanns**.

Þórunn Erla Sighvats

Orkustofnun

Býður sig fram til **ritara**.

Anna Sjöfn Skagfjörð

Sýn hf.

Býður sig fram til **gjaldkera**.

Oddfríður Steinunn Helgadóttir

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Býður sig fram til **meðstjórnanda**.

María Bjarkadóttir

Bókasafn Tækniskólans

Býður sig fram til **varaformanns**.

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar og Magný Rós Sigurðardóttir sitja sem varamenn.

**Framboð:** Samþykkt.

#### **i) Kosning skoðunarmanna reikninga.**

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Kristín Björgvinsdóttir eru skoðunarmenn reikninga.

Skoðunarmenn reikninga gáfu kost á sér áfram. Ekki bárust nein mótframboð.

**j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.**

Höfundarréttarnefnd: Hrafn Malmquist gefur kost á sér áfram og Erlendur Már Antonsson býður sig fram. Vantar einn aðila í viðbót í þessa nefnd. Þorbjörg Bergmann býður sig fram. Framboð samþykkt.

Útgáfunefnd: Ritstjórn Bókasafnsins gefur ekki kost á sér áfram. Vantar framboð 4-5 aðila. Engin framboð bárust. Stjórn falið að finna aðila í þessa nefnd.

Uppstillinganefnd: Hefur ekki verið starfhæf frá 2014, 2-3 aðila vantar hér. Engin framboð bárust. Stjórn falið að finna aðila í þessa nefnd.

**k) Önnur mál.**

Engin önnur mál komu til umræðu.

**Fundi slitið 19:05** og félagsmönnum boðið að þiggja veitingar.